



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 04. febrúar 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Hermann Vilmundarson, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson (Teams), Haraldur Pétursson, Ragnar Stefánsson og Þórdís Anna yfirþjálfari.

Fjarverandi:

1. Nýr umsjónarmaður fasteigna

Jónína var með smá inngang um starfsemina á síðasta ári og hvernig málin hafa gengið. Allir stjórnar- og starfsmenn kynntu sig.

Ragnar býr til innkaupalista fyrir verkfæri og búnað sem hann vantar fyrir að geta sinnt starfinu. Í framhaldi af þeirri umræðu var rætt um að mikilvægi þess að búa til eignaskrá. Þórdísi, Ragnar og dómpall vantar fartölvur. Davíð kannar verð í tölvur.

2. Mál frá Þórdísi

Farið var yfir ýmis mál sem Þórdís er með í vinnslu, hér eru þau helstu:

Félagsgjöld, allt að verða klárt fyrir útsendingu

Sjoppurekstur með sama hætti og áður. Vantar frystikistu til að geyma frystivöru. Skoðað í samvinnu við Matthildi og Hermann.

Fræðslukvöld og námskeið fyrir foreldra sem ekki eru í hestum en fylgja börnum sínum.

3. Fundargerðir

Þórdís setur samþykktar fundargerðir á vefinn.

4. Vefsíðumál

Farið yfir stöðuna, allir sammála um að fara í nýja gerð nýrrar vefsíðu og til staðar er góður samningur við Bertu. Mikilvægt er að vefurinn verður að verður settur upp í nýjasta „vefumhverfinu“.

5. Gæðingalist - Íslandsmót

Sprettur er með Íslandsmót í gæðingalist í vor. Fyrsta helgin í maí nefnd sem mögulega dagsetning. Næstu skref er að funda með LH, staðfesta dagsetningu, fara yfir útsendingar- og styrktarmál. Við þurfum að lesa reglur LH.

6. Fyrirspurn frá Landsliðsnefnd LH

Fyrirspurn frá Landsliðsnefnd LH um að halda Allra sterkustu í Samskipahöllinni, laugardaginn 19 apríl. Mikið rætt, sérstaklega útfærslur á „afnotunum“ og/eða hvernig Sprettur kæmi að þessu. Samþykkt með fyrirvara um æfingartíma, höllin er mikið bókuð þessa dagana. Einfaldast að LH sjái um allt og við tökum fast gjald fyrir þetta. Samningurinn þarf að vera nokkur skýr.

7. Þorablót

Undirbúningur gengur vel og það lítur ágætlega út með þátttöku.

8. **Nefndir**

Auglýsa eftir nefndarfólki, mikilvægt að reyna að fá fleiri öfluga Sprettara til að starfa í nefndum félagsins.

9. **Auglýsingar á veggjum Samskipahallarinnar**

Umræðu frestað en þó kom fram að Þórdís sendi erindi á Horseday en svar hefur ekki borist.

10. **Tryggingar**

Rætt um tryggingamál félagsins. Ragnar tekur þann bolta til skoðunar.

11. **Samskipasamningurinn**

Búið að undirbúa gott skjal til undirbúnings. Málinu verður haldið áfram.

12. **Taðmál**

Rætt var við starfsmann á Umhverfissviði hjá Garðabæ sem óskaði eftir formlegum erindum frá okkur um mögulega losunarstaði. Málið í vinnslu hjá sjálfbærninefnd.

13. **Fasteignagjöld**

Lárus er með ósk um niðurfellingu á þeim í vinnslu. Samþykkt í stjórn.

14. **Félaggjöld**

Búið að ræða

15. **VR**

Stjórn er búin að svara erindi frá VR.

16. **Alendis**

Lögfræðingur félagsins mun svara bréfi frá lögfræðingi Alendis. Jónína og Sigurbjörn eru búin að taka saman tímalínu samskipta í tengslum við málið.

17. **Samningur við Umsjónarmann fastegina**

Farið yfir samninginn við umsjónarmann fasteigna.

18. **Önnur mál**

Plastgáamál, það þarf að finna framtíðarlausn. Verður tekið fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 23:00

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson